

## Haga hf. - ársuppgjör 28. febrúar 2007

### Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur	2006/07	2005/06	2004/05	2003/04
Vörusala	46.513	44.751	46.133	38.428
Kostnaðarverð seldra vara	( 34.645 )	( 35.122 )	( 34.657 )	( 28.140 )
<b>Framlegð</b>	11.868	9.629	11.476	10.288
Aðrar rekstrartekjur	76	77	244	454
Rekstrargjöld	( 9.870 )	( 8.968 )	( 9.972 )	( 9.210 )
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)</b>	2.074	738	1.748	1.532
Afskriftir rekstrarfjármuna	( 918 )	( 884 )	( 1.522 )	( 1.107 )
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	1.156	( 146 )	226	425
Fjármagnsliðir	( 596 )	511	1.308	( 451 )
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	560	365	1.534	( 26 )
Tekjuskattur	( 143 )	470	( 204 )	( 175 )
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi og fyrir hlutdeild minnihluta</b>	417	835	1.330	( 201 )
Aflögð starfsemi	0	162	0	0
Hlutdeild minnihluta	0	0	( 28 )	( 173 )
<b>Hagnaður ársins</b>	417	997	1.302	( 374 )

Efnahagsreikningur	28.02.2007	28.02.2006	28.02.2005	29.02.2004
<b>Eignir:</b>				
Fastafjármunir	14.510	15.644	23.731	16.849
Veltufjármunir	9.033	11.417	10.286	6.636
<b>Eignir alls</b>	23.543	27.061	34.017	23.485
<b>Eigið fé og skuldir:</b>				
Eigið fé	6.465	6.946	5.949	4.464
Víkjandi lán	675	675	675	2.000
<b>Eigið fé og víkjandi lán</b>	7.140	7.621	6.624	6.464
Tekjuskattskuldbinding	0	0	959	0
Langtímaskuldir	10.192	8.483	17.402	9.649
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	1.249	6.337	3.914	2.642
Aðrar skammtímaskuldir	4.962	4.620	5.118	4.730
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	23.543	27.061	34.017	23.485

Sjóðstreymi	2006/07	2005/06	2004/05	2003/04
Handbært fé frá rekstri	1.859	( 2.317 )	562	( 427 )
Fjárfestingarhreyfingar	2.618	2.208	6.307	( 2.066 )
Fjármögnunarhreyfingar	( 4.559 )	75	( 6.606 )	1.457

### Ársreikningur Haga hf.

Á stjórnarfundum félagsins þann 23. maí 2007 var ársreikningur félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007 staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Aðalfundur félagsins var haldinn sama dag og var samþykkt að greiða 1.000 millj. kr. arð til hluthafa á árinu 2007.

Hluthafar félagsins voru 5 í lok reikningsársins og á Baugur Group hf. 95% af heildarhlutafé félagsins.

## Rekstur

Rekstrartekjur félagsins námu 46.513 millj. kr. en rekstrargjöld án afskrifta námu 44.515 millj. kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 2.074 millj. kr. Afskriftir námu 918 millj. kr. og hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta nam 1.156 millj. kr. á rekstrarárinu. Hagnaður félagsins fyrir skatta, að teknu tilliti til fjármagnsliða nam 560 millj. kr., en fjármagnsliðir voru nettó neikvæðir um 596 millj. kr. Að teknu tilliti til reiknaðra skatta nam hagnaður félagsins 417 millj. kr. á rekstrarárinu 2006/07.

Fyrirtæki Haga eru eftirfarandi:

Bónus	Debenhams
Hagkaup	Ferskar kjötvörur
10-11	Noron (Zara)
Aðföng	Íshöfn
Hýsing	Res
Útilíf	Bananar

Hlutdeildarfélag

Max

Stöðugildi hjá félaginu þann 28. febrúar 2007 námu 1.617.

## Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 23.543 millj. kr. í 28. febrúar 2007. Fastafjármunir námu samtals 14.510 millj. kr. og veltufjármunir námu 9.033 millj. kr. en þar af nema kreditkortakröfur 2.667 millj. kr. Heildarskuldir félagsins námu 16.403 millj. kr., þar af námu langtímaskuldir 10.192 millj. kr. Eigið fé og víkjandi lán nam 7.140 millj. kr. eiginfjárhlutfall að teknu tilliti til víkjandi láns var 30% í febrúarlok 2007.

## Staða og horfur

Nokkur bati varð á rekstri Haga á nýliðnu rekstrarári. Afkoma félagsins er þó ekki komin í þann farveg, sem getur talist ásættanleg til lengri tíma litið. Stjórnendur félagsins hafa því væntingar um betri rekstur á því rekstrarári, sem nú er hafið. Þrátt fyrir mikla samkeppni á matvörumarkaði, hefur dregið úr því öfgafulla verðstríði sem ríkti árið á undan. Álagning í matvöru hefur lækkað ár frá ári, þar sem lágvöruverslanir sinna nú stærri hluta markaðarins, auk þess sem samkeppni er hörð. Hlutur lágvöruverslana á Íslandi er kominn langt umfram hlutdeild slíkra verslana í nágrannalöndum okkar. Einnig er vert að benda á að tveir stærstu kostnaðarliðir verslunarinnar, launakostnaður og húsnæðiskostnaður, hafa hækkað mikið umfram verðlagsvítitölu matvöru undanfarin misseri. Þensla á vinnumarkaði og gjörbreytt umhverfi á húsnæðismarkaði hefur því mikil áhrif á rekstur verslana.

Mikil almenn umræða auk umfjöllunar fjölmiðla um matvörumarkaðinn einkenndi síðastliðið rekstrarár. Mikil breyting varð á skattlagningu matvæla þann 1. mars síðastliðinn, sem m.a. var ástæða þeirrar athygli sem matvörumarkaðurinn fékk, enda um mjög jákvæða breytingu að ræða, sem hafði veruleg áhrif á verðlag matvöru. Í aðdraganda 1. mars, þegar virðisaukaskattur á matvæli lækkaði í 7% og vörugjöld á matvælum voru felld niður átti sér stað ómakleg umræða um aðila á matvörumarkaði. Fordæmi slíkrar umræðu sem matvörumarkaðurinn mátti þola er vandfundin og á sér ekki samsvörun á meðal annarra atvinnugreina. Umræðan snérist m.a. um að aðilar á matvörumarkaði kæmu ekki til með að skila lægri skattlagningu í lægra vöruverði. Komið hefur í ljós að lækkun skattlagningar skilaði sér að fullu í verslunum Haga. Eðlilegt er að reikna áfram með mikilli samkeppni á matvörumarkaði. Umræða um hátt verðlag á matvörum á Íslandi mun halda áfram, en hún hefur í auknum mæli beinst að háu verði á landbúnaðarvörum, höftum í viðskiptum með þær vörur og stjórnvöldum, enda fáar þjóðir, sem búa við jafnmikil höft í verslun með matvöru og

tollvernd landbúnaðarvara. Hagar fagna yfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar um aukið frelsi með landbúnaðarvörur, enda er slíkt frelsi forsenda fyrir lægra matvöruverði á Íslandi.

Hið opinbera stundar umfangsmikinn smásölurekstur. Hagar vilja á þessum tímamótum skora á stjórnvöld að draga sig út úr smásölurekstri, m.a. umsvifamikilli snyrtivöru- og raftækjaverslun í Leifsstöð. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld heimili sölu á léttvíni og bjór í dagvöruverslunum.

Úrskurði Neytendastofu um að Hagar mættu ekki nota nafnið Hagar, var snúið af áfrýjunarnefnd neytendamála. Högum er því heimilt að nota nafnið Hagar.

Á árinu opnaði 10-11 þrjár verslanir í Leifsstöð, auk þess sem opnuð var verslun í miðbæ Akureyrar. Verslanir 10-11 eru því orðnar 25 talsins. Ekki voru opnaðar nýjar verslanir á vegum Bónus en verulegar endurbætur gerðar á nokkrum eldri verslunum, m.a. í Smáratogi og Holtagörðum, en Bónus rak í lok rekstrarársins 25 verslanir. Mikil undirbúningsvinna átti sér stað innan Hagkaupa, en þar var opnuð ný sérvöruverslun í Borgarnesi nú í maí auk þess sem ný sérvöruverslun verður opnuð í byrjun júní í Njarðvík. Hagkaup vinnur auk þess að opnun 7.600 fermetra verslunar í Holtagörðum fyrir næstu áramót og nýrrar 4.000 fermetra verslunar í Garðabæ, sem kemur í stað þeirrar eldri.

Rekstur vöruhúsa félagsins gekk vel. Vöruhúsin skipa mikilvægt hlutverk í rekstri félagsins og velgengni þeirra styrkir félagið.

Markviss sókn hefur verið í sölu á sérvöru, þrátt fyrir að matvöruhluti félagsins sé enn ráðandi. Á rekstrarárinu tóku Hagar við rekstri verslana undir vörumerkjunum Karen Millen, Oasis, Coast, Warehouse, Whistles, All Saints og Shoe Studio eftir kaup á félögunum RES og Íshöfn. Auk þess opnaði félagið verslanir undir vörumerkinu Evans í Smáralind og Kringlunni og nýja verslun Zara í Kringlunni. Þá eignaðist félagið helmingshlut í hlutafélaginu Max, sem rekur raftækjaverslun undir sama merki í Urriðaholti.

Félagið hefur notið mikillar velvildar viðskiptavina og var Bónus kosið vinsælasta fyrirtæki ársins fimmta árið í röð, auk þess sem fyrirtækið hlaut neytendaverðlaun Neytendasamtakanna og Bylgjunnar annað árið í röð. Á matvörumarkaði hefur Bónus ávallt boðið lægsta vöruverðið undanfarin 18 ár, Hagkaup mesta vöruúrvalið og þjónustuna og 10-11 lengstan opnunartíma. Þessi þrjú fyrirtæki félagsins hafa forystu á íslenskum markaði, hvert á sínu sviði.

Staða félagsins er sterk á þessum tímamótum. Sérvöruhlið félagsins er að vaxa og styrkjast og vörumerkjasafn félagsins er glæsilegt. Vörumerki félagsins í matvöru eru í forystu, hvert á sínu sviði og öll í sókn. Stór verkefni eru framundan í uppbyggingu félagsins, m.a. í Holtagörðum, á Akureyri og í Garðabæ. Tækifærin eru fjölmörg og spennandi tímar framundan.

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri Haga í síma 530 5500